



3. Ungt fólk sem við upphaf kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt.

Halldór B. Ívarsson lauk BA-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1998 og námi til kennsluréttinda frá Háskólanum á Akureyri árið 2003. Halldór hefur kennt við Varmárskóla í Mosfellsbæ frá árinu 1999.

Halldór kennir einkum samfélagsgreinar í efstu bekkjum skólans og sinnir einnig félagsstarfi nemenda.

Halldór er hugkvæmur kennari. Hann nýtir upplýsingatæknina sérlega vel við kennslu sína og hefur útbúið af kunnáttu og vandvirkni námsvefi þar sem er að finna gagnvirkt efni sem eflir skilning nemenda á viðfangsefnum þeirra. Þessa vefi geta aðrir skólar nýtt sér. Það sýnir að Halldór er fús til að deilda verkum sínum með öðrum og sýna þannig í verki sameiginlega ábyrgð kennara á að efla skólastarf í þágu nemenda.

Halldór er metnaðarfullur kennari sem ber ómælda virðingu fyrir nemendum sínum og hvetur þá til dáða. Hann er í senn kröfuharður og sanngjarn og tekur tillit til mismunandi hæfni nemenda og áhugasviða.

Halldór nýtur virðingar og trausts samstarfsmanna, ekki síst fyrir hæfileikann til að setja sig í annarra spor og leita sameiginlegra lausna á viðfangsefnum.

Halldór er verðugur fulltrúi ungra kennara með eljusemi leggur hann alúð við sérhvert verk með hag og velferð nemenda að leiðarljósi.